

# Jafnréttisáætlun Snæfellsbæjar

## Inngangur:

Áætlun þessi byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þar sem segir m.a. að sveitarstjórnir skulu hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna til fjögurra ára, sem lagðar eru fram eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

## Leiðarljós.

Tilgangur ofanefndra laga er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnun tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði.

## Markmið.

Markmið jafnréttisáætlunar Snæfellsbæjar er að stuðla að því að kynjum sé ekki mismunað í þjónustu og starfsemi Snæfellsbæjar og að bærinn veiti þjónustu sem gerir báðum kynjum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Með jafnréttisáætluninni lýsir bæjarstjórn vilja sínum til að jafna stöðu kvenna og karla og vinna að markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það skal gert með því samþætta jafnréttissjónarmið inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum bæjarins.

## Frankvæmd:

Bæjarráð fer með jafnréttismál sveitarfélagsins og skal vinna að því að jafna stöðu kynjanna í fyrirtækjum og stofnunum bæjarins ásamt því að vera ráðgefandi í stefnumótun í mála-flokknum.

Bæjarráð endurskoðar jafnréttisáætlun bæjarins í upphafi hvers kjörtímabils og leggur fyrir bæjarstjórn eigi síðar en ári eftir kosningar.

Jafnréttisáætlun Snæfellsbæjar tekur til stjórnkerfis sveitarfélagsins og starfsmanna bæjarins annars vegar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem veitt er hjá stofnunum.

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Snæfellsbæjar skal leitast við að hlutföll kynja séu sem jöfnust.

## Auglýsingar og ráðningar.

Í auglýsingu um starf hjá Snæfellsbæ skal koma fram hvatning þess efnis að konur jafnt sem karlar sækji um starfið. Jafnréttissjónarmið skulu höfð til hliðsjónar við önnur sjónarmið þegar ráðið er í starf hjá Snæfellsbæ.

## Starfsaðstæður og kjör.

Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störf og uppsagnir skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Gæta skal þess að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna. Tryggja verði að bæði kynin njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar svo og til að sækja námskeið og ráðstefnur sem haldnar eru til að auka hæfni í starfi. Tryggt verði að jafnréttismál verði fléttuð inn í starfsmannastefnu Snæfellsbæjar.

### **Fræðsla og ráðgjöf.**

Starfsmönnum Snæfellsbæjar skal standa til boða aðstoð og fræðsla í jafnréttismálum. Þetta á við um störf og starfsaðstæður, s.s. kjör og samskipti á vinnustað, kynferðislega áreitni, valdbeitingu og önnur þau mál sem snúa að jafnrétti og samskiptum kynjanna. Þar á meðal leiðbeiningar við kærur til kærunefndar jafnréttismála.

### **Jafnréttisfræðsla í skólum og öðrum uppeldisstofnunum.**

Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Í mennta- og uppeldisstofnunum og uppeldisstarfi á vegum Snæfellsbæjar ber að vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls án tillits til kynferðis.

Áhersla skal lögð á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífsins, m.a. með kennslu um jafnréttismál.

Í skólastarfi á vegum Snæfellsbæjar skal þess gætt að þörfum og áhugasviðum stúlkna og drengja sé gert jafn hátt undir höfði.

### **Íþróttá- forvarna- og æskulýðsstarf**

Íþróttá- og æskulýðsnefnd skal veita stúlkum og drengjum sömu tækifæri til íþróttaiðkana og íþróttá- og félagasamtök eru hvött til hins sama. Kynin sitji jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar. Í tómstundastarfi á vegum Snæfellsbæjar skal þess gætt að þörfum og áhugasviðum stúlkna og drengja sé gert jafnt hátt undir höfði. Þess skal gætt að stúlkur og drengir hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

### **Kynning á jafnréttisáætluninni**

Jafnréttisáætlun Snæfellsbæjar skal kynnt öllum stjórnendum, starfsmönnum bæjarins og kjörnum fulltrúum.

### **Endurskoðun**

Jafnréttisáætlun þessi skal endurskoðuð eigi síðar en ári eftir næstu sveitarstjórnarkosningar, sbr. 12. gr. laga nr. 10/2008. Jafnréttisáætlun var fyrst samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 4. mars 2010 og er nú endurskoðuð og samþykkt að nýju.

**Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar,**

**5. nóvember 2015**

---

**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**